

25.5.2010
1A3g/39/345/LÓ/l6

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Efni: Tillaga til þingsályktunar um bólusetningu gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini 498 mál.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins þakkar fyrir að fá að gefa álit á umræddri tillögu til þingsályktunar.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er töluverður ávinningur af bólusetningum gegn HPV smiti og leghálskrabbameini. Bólusetningarnar falla vel að almennu barnabólusetningunum og eru án verulegrar áhættu.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er hlynnt því að umrædd bólusetning verði tekin upp. Jafnframt vill HH minna á að um þessar mundir er mikill niðurskurður í heilbrigðisþjónustunni og því mikilvægt að að því verði gætt að nýir kostnaðarliðir ýti ekki öðrum þáttum til hliðar sem nauðsynlegir eru og skilað hafa árangri. Má þar nefna aðgengi sjúkra að heilsugæslunni. Því getur varðað miklu hvenær bólusetningin verði tekin upp en ekki verður lagt mat á það hér.

Virðingarfyllst,


Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri